

Guðjón Bjarnarson

Guðjón Bjarnarson sýnir að KJARVALSSTÖÐUM

Í dag, 10. mars, opnar Guðjón Bjarnarson sýningu í austursal og forsal Kjarvalsstaða. Á sýningunni eru áttatíu málverk og skúlptúrar, unnin í tré og striga í Bandaríkjunum og hérlendis á sl. ári.

Guðjón er fæddur 1959 í Reykjavík. Hann varð stúdent frá MR 1979, nam lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands 1979–'81, en hélt þá til Bandaríkjanna. Þar lagði hann stund á nám í arkitektúr við Rhode Idland School of Design í Providence í Nýja Englandi. Hann lauk BFA gráðu 1983 og B. Arch. ári seinna. Árið 1987 lauk hann meistaragráðu í myndlist og skúlptúr við School of Visual Art í New York og lagði síðan stund á framhaldsnám í arkitektúr við Columbia háskóla og lauk meistaragráðu í arkitektúr sl. vor.

Guðjún býr og starfar í New York. Þetta er önnur einkasýning hans og sú fyrsta hér á landi, en hann hefur tekið þátt í fjölda samsýninga á sl. árum í Bandaríkjunum.

Slagverkshópurinn Snerta og Infermó 5 munu leika tilbrigði við verkin við opnun sýningarinnar á laugardag og á sunnudag kl. 20:30 leika Jón Aðalsteinn Þorgilsson og Þorsteinn Gauti rómantísk verk á klarinett og píanó.

Sýningin er opin daglega til 25. mars.



Ein af myndum Karólínu á sýningunni

Karólína sýnir í NÝHÖFN

Karólína Lárusdóttir opnar sýningu í Listasalnum Nýhöfn, Hafnarstræti 18, laugardaginn 10. mars kl. 14:00-16:00. Á sýningunni verða vatnslitamyndir og dúkristur.

Karólína er fædd í Reykjavík árið 1944. Hún nam við Ruskin School of Art í Oxford 1965–'67 og Barking College of Art 1980 undir handleiðslu Harry Ecclestон. Hún kenndi myndlist um fimm ára skeið, en vinnur nú alfarið að list sinni.

Karólínu var boðin aðild að Royal Society of Painter-Etchers and Engravers árið 1980 og kosin meðlimur 1984.

Í sept. 1989 fékk hún Dicks and Greenbury verðlaunin fyrir mynd sína „Bið" á haustsýningu Painter-Etchers í Bankside Gallery í London.

Þetta er þrettánda einkasýning Karólínu, en hún hefur einnig tekið þátt í fjölda samsýninga erlendis.

Sýningin, sem er sölusýning, er opin virka daga kl. 10:00-18:00 og kl. 14:00-18:00 um helgar. Henni lýkur 28. mars.



Sýningarsalur FÍM: „Obsessions 2"

Laugardaginn 10. mars verður opnuð í sýningarsal FÍM sýning á verkum hönnuðarins og listamannsins **Daniel Morgenstern**. Sýningin nefnist „Obsessions 2". Það er tímaritið **Mannlíf** sem gengst fyrir þessari sýningu. Daniel Morgenstern kom til Bretlands fyrir þremur árum frá heimalandi sínu, Ísrael, og hefur skapað sér nafn sem einn merkasti hönnuður þar í landi.

Sýningin verður opin alla daga kl. 14:00-18:00 til 27. mars.




Elínborg Guðmundsdóttir, leirlist, Erla B. Axelsdóttir, listmálun, Helga Ármanns, grafík, Margrét Gunnarsdóttir, leirlist og Sigrún Gunnarsdóttir, leirlist, standa að Art-Hún hópnum.

Myndlist og skák í Faxafeni

Art-Hún hópurinn hefur opnað myndlistarsýningu í hinum nýju húsakynnum Taflfélags Reykjavíkur og Skáksambands Íslands við Faxafen. Sýningin er haldin í tengslum við Stórveldaslaginn og Búnaðarbankamótið, sem haldin eru í mars. Sýningin er opin meðan á skákmótunum stendur.

Í Art-Hún hópnum eru 5 myndlistarmenn sem hafa allir vinnustofur á sama stað, að Stangarhyl 7 í Reykjavík, og reka þar jafnframt Gallerí.




Virgill litli og Tóta Sigga, en Karl Emil horfir á

Leikfélag Kópavogs: „Virgill litli" sýndur um helgar

Nýlega frumsýndi Leikfélag Kópavogs barnaleikritið „Virgil litla" eftir hinn kunna barnabókahöfund Ole Lund Kirkegaard, en hann hefur m.a. skrifað barnabækurnar Fúsa Froskagleypi, Gúmmí Tarsan o.m.fl.

Þetta er í þriðja skipti sem Leikfélag Kópavogs frumflytur verk eftir Kirkegard. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson þýðir og staðfærir leikgerð höfundar, ásamt því að semja lög og söngtexta í leikritið. Leikstjóri er Ásdís Skúladóttir, Gerla hannar leikmynd og búninga, en Egill Örn Árnason sér um lýsingu.

Sýningar á Virgli litla eru í Félagsheimili Kópavogs á **laugardögum og sunnudögum kl. 14:00.** Hægt er að panta miða allan sólarhringinn í **síma 41985.**



Þorsteinn Gauti Sigurðsson og Jón Aðalsteinn Þorgeirsson.

Ásgeir Smári

sýnir nýjar olíu- og vatnslitamyndir í Gallerí Borg, Pósthússtræti 9.

Sýningin er opin virka daga frá kl. 10-18 og um helgar frá 14-18. Henni lýkur þriðjudaginn 20. mars.

Sunnudaginn 11. mars heldur hljómsveitin Súld tónleika í Duus húsi við Fischersund. Súld hefur ekki leikið opinberlega síðan í júlí 1988 en þá kom hljómsveitin fram á djasshátíð í Montreal í Kanada. Tónlistin sem Súld flytur eru Páll Pálsson, bassi, Tryggvi Hübner, gítar, Lárus Grímsson, hljómborð, Steingrímur Guðmundsson, trommur, og Maarten Van der Valk, slagverk.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21.30.

Sunnudaginn 11. mars halda þeir Jón Aðalsteinn Þorgeirsson klarinettleikari og Þorsteinn Gauti Sigurðsson píanóleikari tónleika að Kjarvalsstöðum og hefjast þeir kl. 20.30. Flutt verður tónlist frá rómantíska tímabili tónlistarsögunnar.

Á efnisskránni er sónata eftir C. Saint Saens op. 167 fyrir klarinett og píanó, Grand Duo Consertant op. 48 fyrir klarinett og píanó eftir C.M.V. Weber og loks sónata fyrir klarinett og píanó eftir J. Brahms op. 120, nr. 2.

Aðalfundur Bandalags kvenna í Reykjavík

Bandalag kvenna í Reykjavík heldur aðalfund sinn laugardaginn 10. mars 1990 í Höfða, Hótel Loftleiðum, Reykjavík.

Fundurinn hefst kl. 09:00 með helgistund í fundarsal í umsjón Sigrúnar Einarsdóttur, form. Kirkjumálanefndar BKR. Þá setur Kristín Guðmundsdóttir, formaður BKR, fundinn, en síðan verða ávörp gesta og önnur aðalfundarstörf.

Eftir hádegishlé verður sérstakt málefni á dagskrá sem nefnist „Þjónusta í þágu aldraðra", en sú dagskrá er í umsjá Ellimálanefndar BKR.

Aðalfundinum er síðan slitið kl. 19:00 í kvöldverðarfagnaði í Víkingasal Hótels Loftleiða.

Breiðfirðingafélagið í Reykjavík: Félagsvist

Breiðfirðingafélagið í Reykjavík verður með félagsvist í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14, sunnudaginn 11. mars og hefst kl. 14.30 stundvíslega. Góð verðlaun. Kaffiveitingar. Allir velkomnir.

Frá Ferðafélagi Íslands

Sunnudagsferð 11. mars

Kl. 10:30 – Skíðaganga um Kjósarskarð. (kr. 1000)

Kl. 13:00 Stórstraumsfjöruferð: Hvalfjörður - Hvammsvíkurhólmi. Létt rölt um fjölbreytta strönd. (kr. 1000)

Kl. 13:00 -Skíðagöngunámskeið. Leiðbeinandi er Halldór Matthíasson. (kr. 1000)

Kl. 13:00 - Skíðaganga á Mosfellsheiði. Brottför frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin. Farmiðar við bíl (kr. 1000).

Mánudagur 12. mars kl. 20:00 – Kvöldganga og blysför í Viðey. Létt ganga á fullu tungli. Litið inn í Viðeyjarkirkju. Brottför frá Viðeyjarbryggju Sundahöfn. Far 500 kr. og blys kr. 100.

Vetrarfagnaður í Risinu, Klúbbnum, Borgartúni 32, laugard. 17. mars. Pantið tímanlega.

Páskaferðir: 1. Snæfellsnes - Snæfellsjökull 3 og 5 dagar. **2. Þórsmörk** 3 og 5 dagar. **3. Landmannalaugar,** gönguskíðaferð.

Athugið sértilboð á **Árbókum F.Í.**

Aðalfundur F.Í. verður haldinn í Sóknarsalnum, Skipholti 50A, miðvikudaginn 14. mars kl. 20:30. Venjuleg aðalfundarstörf. Félagsmenn sýni ársskírteini frá árinu 1989 við inngangi.

Stjórn Ferðafélags Íslands

Erindi í Neskirkju

Tvo næstu sunnudaga, 11. og 18. mars, flytur dr. Gunnar Kristjánsson erindi í safnaðarheimili Neskirkju að lokinni guðsþjónustu.

Erindin fjalla um helstu stef föstunnar og píslarsögunnar í myndlist. Það fyrra tekur fyrir efni er tengist síðustu kvöldmáltíðinni en í því síðara verður fjallað um krossfestinguna. Auk talaðs máls sýnir dr. Gunnar litskyggnur af kunnum listaverkum.

Erindin hefjast kl. 15.15. Veitingar verða á boðstólum. Öllum er að sjálfsögðu heimill aðgangur.

Lagadeild H.Í: Lektor í skoskum sifjarétti heldur fyrirlestur

Mánudaginn 12. mars kl. 12.00 heldur dr. Anne Griffiths, lektor í skoskum sifjarétti við Edinborgar-háskóla, fyrirlestur á vegum lagadeildar Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn nefnist „Disputing the Family: Legal Rules of Social Processes" og fjallar um sáttaumleitan í fjölskylduerjum meðal Kwena-ættbálksins í Botswana í Suður-Afríku, með sérstakri hliðsjón af stöðu kvenna.

Fyrirlesturinn verður haldinn í stofu 101 í Lögbergi, húsi lagadeildar, og er öllum opinn.

Hafnarborg

Nýlega var opnuð í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, sýningin NONAGINTA.

Þátttakendur eru: **Björn Roth, Daði Guðbjörnsson, Eiríkur Smith, Kjartan Guðjónsson og Ómar Stefánsson.**

Sýningin er opin kl. 14:00-19:00 alla daga nema þriðjudaga. Sýningin stendur til 19. mars.

Minningarkort SJÁLFSBJARGAR í Reykjavík og nágrenni

– fást á eftirtöldum stöðum:

Reykjavík: Reykjavíkur apótek, Garðsapótek, Vesturbæjarapótek, Kirkjuhúsið við Klapparstíg, Bókabúð Fossvogs, Grímsbæ við Bústaðaveg, Bókabúðin Embla, Drafnarfelli 10, Bókabúðin Úlfarsfell, Hagamel 67, Verslunin Kjötborg, Búðargerði 10.

Hafnarfjörður: Bókabúð Olivers Steins, Strandgötu 31.

Kópavogur: Pósthúsið.

Minningarkort fást einnig á skrifstofu Sjálfsbjargar, Hátúni 12. Gíróþjónusta.

Útivist um helgina

Þórsmerkurgangan, 5. ferð, sunnudaginn 11. mars.

Nú erum við komin til byggða. Gengin verður gamla þjóðleiðin frá Reykjum í Ölfusi meðfram Ingólfsfjalli, fram hjá Sogni, Gljúfri og Hvammi að Fjalli. Síðan verður gengið um Hellisbrú að hinni fornu lögferju hjá Laugardælum. Ef skilyrði verða hagstæð verður ferjað yfir ána á gamla vaðinu með aðstoð Slysavarnardeildarinnar Tryggva. Staðfróðir Árnesingar verða fylgdarmenn. Brottför kl. 10,30 frá Umferðarmiðstöð- bensínsölu. Stansað við Árbæjarsafn. Eftirmiðdagsferð: Sameinast morgungöngunni við Kögunarhól. Brottför kl. 13.00 frá Umferðarmiðstöð- bensínsölu. Stansað við Árbæjarsafn.

Skíðaganga, sunnudaginn 11. mars

Genginn léttur hringur í nágrenni Jósefsdals. Brottför kl. 13.00 frá Umferðarmiðstöð-bensínsölu. Stansað við Árbæjarsafn.

Siglufjarðarprestur og kirkjukór heimsækja Grafarvogsprestakall

Grafarvogs-söfnuður tekur á móti góðum gestum á sunnudag, því að þann dag mun guðsþjónusta sunnudagsins í Grafarvogi vera flutt af sóknarpresti Siglfirðinga, sr. Braga Ingibergssyni, kirkjukór Siglufjarðar undir stjórn Tonys Raleys.

Að lokinni guðsþjónustunni er „kirkjukaffi" á vegum Siglfirðingafélagsins í Reykjavík. Guðsþjónustan verður í messuheimili Grafarvogssafnaðar, Félagsmiðstöðinni Fjörgyn, en þar fer fram allt guðsþjónustuhald safnaðarins, barnamessa kl. 11:00 og guðsþjónusta kl. 14:00 hvern sunnudag.

Sóknarprestur Grafarvogs-safnaðar er Vigfús Þór Árnason, sem áður var prestur á Siglufirði.

Almanakshappdrætti Þroskahjálpar

Almanakshappdrætti Landssamtakanna Þroskahjálpar. Vinningurinn í janúar kom á nr. **6726** og vinningurinn í febrúar á nr. **2830.**

Spilakvöld í Kópvogi

Alþýðubandalagið í Kópavogi heldur spilakvöld í Þinghóli, Hamraborg 11, þriðju hæð, mánudaginn 12. mars kl. 20:30. Allir velkomnir.

FRÍKIRKJAN í Reykjavík

Helgistund verður kl. 17:00.

Föstuguðsþjónusta er á miðvikudag kl. 20:30. Orgelleikari Pavel Smid.

Cecil Haraldsson

TÖLVU-
NOTENDUR
Við í Prentsmiðjunni Eddu
hönnum,
setjum og prentum
allar gerðir eyðublaða
fyrir tölvuvinnslu
PRENTSMIÐJAN
Edda
Smiðjuvegi 3,
200 Kópavogur.
Sími 45000

Gestir frá Sovétríkjunum hjá MÍR

Dagana 13.-18. mars dveljast hér á landi á vegum MÍR, Menningartengsla Íslands og Ráðstjórnarríkjanna, tveir gestir frá Sovétríkjunum, þau **Elena A. Lúkjanova lögfræðingur og Alexander V. Lapúkhin blaðamaður.** Koma þau m.a. fram, flytja fyrirlestra og svara fyrirspurnum, í félagsheimili MÍR, Vatnstíg 10, **þriðjudagskvöldið 13. mars kl. 20:30** og á aðalfundi félagsins á sama stað **laugardaginn 17. mars**, að loknum aðalfundar-störfum sem hefjast kl. 14:00.

Elena Lúkjanova er dósent við lagadeild Ríkisháskólans í Moskvu og sérgrein hennar innan lögfræðinnar er ríkisréttur. Hún hefur samið nokkur fræðirit og tekið þátt í samningu frumvarps til nýrra laga um alþýðufræðslu í Sovétríkjunum

Alexander Lopúkhin er sálfræðingur og hagfræðingur að mennt, en hefur um langt árabil unnið við blaðamennsku og starfar nú á ritstjórn dagblaðsins Prövdu.

Aðgangur að fyrirlestrum gestanna frá Sovétríkjunum á Vatnsstígnum er öllum heimill.

Frá Félagi eldri borgara

Opið hús í Goðheimum, Sigtúni 3, á morgun sunnud. kl. 14:00. Frjálst spil og tafl. Kl. 20:00 er dansað.

Athugið: Dagur aldraðra í umferðinni. Guðsteinn Þengilsson frá Medical Alert og fulltrúi frá Umferðarnefnd halda framsöguræður um „Öryggi í umferðinni" sunnudaginn 11. mars kl. 15:00 í Goðheimum, Sigtúni 3.

Kjarvalsstaðir: EPTA píanótónleikar

Á mánudagskvöld kl. 20.30 verða haldnir EPTA píanótónleikar á Kjarvalsstöðum. Þar leikur Nína Margrét Grímsdóttir verk eftir Bach, Haydn, Jónas Tómasson, Debussy og Chopin.

Kvikmynd Stanislavs Rostotskí „Hvíti Bim Eyrnablakkur" sýnd í MÍR

Sunnudaginn 11. mars kl. 16:00 verður sýnd verðlaunamyndin „Hvíti Bim Eyrnablakkur", eftir hinn kunna sovéska kvikmyndaleikstjóra Stanislavs Rostotskí í bíósal MÍR, Vatnsstíg 10.

Aðgangur að kvikmyndasýningum MÍR er ókeypis og öllum heimill.